

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2012/EES/4/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 176/11/COL frá 1. júní 2011 um að hætta formlegri rannsókn í tengslum við fjármögnun líkamsræktarstöðvar í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni (Noregur)	1
2012/EES/4/02		Auglýst eftir athugasemdum, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem varðar ríkisaðstoð við þrjá íslenska fjárfestingarbanka með skuldbreytingu lána á hagstæðum kjörum – Ákvörðun 363/11/COL.	8
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2012/EES/4/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6441 – Senoble/Agrial/Senagral JV).	28
2012/EES/4/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6481 – H.I.G. Europe Capital Partners/General Atlantic/FNZ Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	29
2012/EES/4/05		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6267 – Volkswagen/MAN)	30
2012/EES/4/06		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6380 – Bridgepoint/Infront Sports & Media)	30
2012/EES/4/07		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6400 – ECE/Metro/MEC JV)	31
2012/EES/4/08		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6402 – REWE/SAG/JV)	31

2012/EES/4/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6414 – Itochu/Tessengerlo Chemie/Siemens Project Ventures/ T-Power JV)	32
2012/EES/4/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6425 – Imperial Mobility/Lehnkering)	32
2012/EES/4/11	Ríkisaðstoð – Pólland – (107. til 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins) Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans – Tilkynning afturkölluð – Málsnúmer SA.30340 (11/C) – LIP – PL – Fiat Powertrain Technologies Poland	33
2012/EES/4/12	Upplýsingar frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um tilkynningu frá stjórnvöldum á Grikklandi um lögbært yfirvald samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	33
2012/EES/4/13	Tilkynning stjórnvalda í Bretlandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Tilkynning um 27. leyfisveitingalotu breskra stjórnvalda vegna olíu- og gasvinnslu á hafsbötni – Ráðuneyti orku og loftslagsbreytinga – Lög um olíuvinnslu 1998.	34
2012/EES/4/14	Opin auglýsing – Evrópskt samstarf á sviði vísinda og tækni (COST)	35
2012/EES/4/15	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætluninni „Fólk“ sem tilheyrir 7. rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni	36
2012/EES/4/16	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætlun 7. rammaáætlunar Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni.	36

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/4/01

176/11/COL

frá 1. júní 2011

um að hætta formlegri rannsókn í tengslum við fjármögnun líkamsræktarstöðvar í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum ákvæða 61. og 62. gr.,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningur um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“), einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til bókar 3 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („bókun 3“), einkum ákvæða 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 4. mgr. 4. gr., 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. II. hluta,

eftir að hafa beint því til hagsmunaaðila að þeir legðu fram athugasemdir í samræmi við ofangreind ákvæði ⁽¹⁾ og með hliðsjón af athugasemdum sem borist hafa

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Málsmeðferð

Stjórnvöld í Noregi tilkynntu með bréfi 27. janúar 2009 (skjal nr. 506341) um fjármögnun líkamsræktarstöðvar í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3.

Í kjölfar nokkurra bréfaskipta, tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi með bréfi 16. desember 2009 (skjal nr. 538177) að hún hefði ákveðið að hefja rannsókn í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 að því er varðar fjármögnun líkamsræktarstöðvar í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni.

Stjórnvöld í Noregi lögðu fram athugasemdir við ákvörðunina um að hefja rannsókn í bréfi dagsettu 23. febrúar 2010 (skjal nr. 547864).

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 537/09/COL um að hefja rannsókn var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau. ⁽²⁾ Eftirlitsstofnun EFTA leitaði eftir athugasemdum hagsmunaaðila um efni ákvörðunarinnar.

Eftirlitsstofnun EFTA bárust athugasemdir frá norsku líkamsræktarsamtökunum Treningsforbundet ⁽³⁾ og European Health & Fitness Association („EHFA“). Eftirlitsstofnun EFTA átti fund með Treningsforbundet 2. nóvember 2010. Eftirlitsstofnun EFTA framsendi athugasemdir og upplýsingar sem komu fram á fundinum til stjórnvalda í Noregi í bréfum dagsettum 20. september

⁽¹⁾ Birt í Stjtið. ESB C 184, 8.7.2010, bls. 5, og EES-viðbæti nr. 35 sama dag, bls. 1.

⁽²⁾ Sjá 1. neðanmálgrein.

⁽³⁾ Åður Norsk Treningscenterforbund.

2010 (skjal nr. 567099) og 9. nóvember 2010 (skjal nr. 576711) en stjórnvöld í Noregi lögðu fram athugasemdir í bréfi dagsettu 10. janúar 2011 (skjal nr. 582713).

Stjórnvöld í Noregi lögðu fram frekari athugasemdir í bréfum dagsettum 14. mars 2011 (skjal nr. 590193) og 22. mars 2011 (skjal nr. 591454) og tölvupósti dagsettum 28. mars 2011 (skjal nr. 592463).

2. Kippermoen-íþróttamiðstöðin og líkamsræktarstöðin

Kippermoen-íþróttamiðstöðin var sett á fót á áttunda áratugnum, eins og fram kemur í ákvörðun 537/09/COL. Hún er í sveitarfélaginu Vefsn í Norðurlandsfylki. Miðstöðin er í eigu sveitarfélagsins og er ekki sérstakur lögaðili.

Kippermoen-íþróttamiðstöðin skiptist upphaflega í innanhússundlaug með ljósabekkjum og íþróttasal, ásamt líkamsræktarstöð sem var fremur sparlega búin tækjum. Á árunum 1997 til 1999 og aftur 2006 til 2007 var ráðist í stækkun á Kippermoen-íþróttamiðstöðinni og líkamsræktarstöðinni.

2.1 Fjármögnun Kippermoen-íþróttamiðstöðvarinnar og líkamsræktarstöðvarinnar

Kippermoen-íþróttamiðstöðin hefur, frá því að hún var sett á fót á áttunda áratugnum, verið fjármögnuð af notendum og af fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Notendur koma að fjármögnuninni með því að greiða aðgangseyri. Sveitarfélagið er einrátt um verð, tegund miða sem í boði eru og um ráðstöfun teknanna. Þótt miðaverð hafi verið hækkað í árunna rás hafa framlög notenda ekki staðið undir öllum kostnaði við rekstur Kippermoen-íþróttamiðstöðvarinnar. Hallinn er greiddur af fjárhagsáætlun sveitarfélagsins í samræmi við ákvarðanir bæjarráðs um fjárveitingar.

2.2 Nýjar upplýsingar frá stjórnvöldum í Noregi

2.2.1 Greiðslur frá notendum líkamsræktarstöðvarinnar

Eftirlitsstofnun EFTA benti á það í ákvörðun 537/09/COL að Kippermoen-íþróttamiðstöðin hefði, frá því að hún var sett á fót á áttunda áratugnum, verið fjármögnuð með gjöldum, sem voru innheimt af notendum, og af fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. ⁽⁴⁾ Stjórnvöld í Noregi hafa, í tengslum við formlegu rannsóknina, skýrt út að notendur hafi aðeins þurft að greiða fyrir aðgang að hluta aðstöðunnar í íþróttamiðstöðinni (m.a. sundlauginni) en að allir hefðu haft gjaldfrjálsan aðgang að líkamsræktarstöðinni til ársins 1996 þegar sveitarfélagið hóf að innheimta gjald af notendum. ⁽⁵⁾

2.2.2 Stækkun á árunum 1997 til 1999

Eftirlitsstofnun EFTA benti í ákvörðun 537/09/COL á að Kippermoen-íþróttamiðstöðin í heild sinni hefði verið stækkuð 1997 og að sú stækkun hefði m.a. verið fjármögnuð með láni að fjárhæð 10 milljónir norskra króna. Eftirlitsstofnun EFTA hefði ekki fengið ítarlegar upplýsingar um lánið og að hvaða marki líkamsræktarstöðin í íþróttamiðstöðinni hefði notið ávinnings af láninu, ef um slíkt var að ræða. ⁽⁶⁾ Við formlegu rannsóknina gerðu stjórnvöld í Noregi það ljóst að fjárhæð lánsins hefði verið 5,8 milljónir norskra króna en ekki 10 milljónir eins og getið var í ákvörðuninni um að hefja rannsókn. ⁽⁷⁾ Stjórnvöld í Noregi gerðu það enn fremur ljóst að sveitarfélagið hefði ekki tekið lánið til að fjármagna stækkun líkamsræktarstöðvarinnar, heldur til þess, m.a., að reisa nýjan knattspyrnuleikvang sem gengur undir nafninu *Mosjøhallen*, en heildarkostnaður við hann nam 14 milljónum norskra króna. ⁽⁸⁾

Líkamsræktarstöðin var stækkuð á árunum 1997 til 1999 og Kippermoen-íþróttamiðstöðin keypti nýjan tækjabúnað (lyftingataeki, þrekhjól og ýmis önnur líkamsræktartæki) fyrir samtals um 870 000 norskar krónur (u.þ.b. 109 000 evrur). ⁽⁹⁾

⁽⁴⁾ Kafli I.2.2 í ákvörðuninni.

⁽⁵⁾ Sjá tölvupóst frá stjórnvöldum í Noregi dagsettan 28.3.2011 (skjal nr. 592463)

⁽⁶⁾ Kafli I.2.2 og II.1.3 í ákvörðun 537/09/COL.

⁽⁷⁾ Sjá bréf frá stjórnvöldum í Noregi dagsett 23. febrúar 2010 (skjal nr. 547864), bls. 6.

⁽⁸⁾ Sjá sama bréf, bls. 2, 6 og 8.

⁽⁹⁾ Sjá sama bréf, bls. 7–9.

2.2.3 Stækkun á árunum 2006 til 2007

Stjórnvöld í Noregi hafa enn fremur lagt fram nýjar upplýsingar um stækkun Kippermoen-ípróttamiðstöðvarinnar á árunum 2006 til 2007.

Sveitarfélagið ákvað 2005 að stækka líkamsræktarstöðina með því að reisa nýja viðbyggingu sem tengdi saman þær byggingar ípróttamiðstöðvarinnar sem fyrir voru. Áætlunin var að auðvelda aðgang að stöðinni. Sveitarfélagið ákvað enn fremur að endurnýja um leið þá aðstöðu sem fyrir var. ⁽¹⁰⁾ Ráðist var í að tengja saman byggingarnar sem fyrir voru og gera á þeim endurbætur til að tryggja að aðstaðan í Kippermoen-ípróttamiðstöðinni jafnaðist á við það sem gerðist í sambærilegum miðstöðvum. ⁽¹¹⁾

Kippermoen-ípróttamiðstöðin og líkamsræktarstöðin voru því endurnýjaðar og stækkaðar á árunum 2006 til 2007 með tilkomu nýrrar viðbyggingar (*Mellombygningen*). Heildarkostnaður við stækkunina nam um 14,2 milljónum norskra króna. Gerð var áætlun um skiptingu kostnaðar til að tryggja að líkamsræktarstöðin tæki á sig sinn hluta (u.þ.b. 80%) ⁽¹²⁾ kostnaðarins við stækkunina. Hinn hluti kostnaðarins (u.þ.b. 20%) skyldi greiddur eftir öðrum leiðum, þar eð hann tengdist ekki líkamsræktarstöðinni heldur annarri aðstöðu í ípróttamiðstöðinni. Eftirlitsstofnun EFTA benti á það í ákvörðun sinni um að hefja formlega rannsókn að líkamsræktarstöðin hefði ekki tekið á sig sinn hluta kostnaðarins vegna lánsins 2008 að því er fram kæmi í áætluninni um skiptingu kostnaðar. Stjórnvöld í Noregi hafa síðar gert ljóst að líkamsræktarstöðin hafi svo sannarlega tekið á sig allan kostnað vegna lánsins 2008 með því að láta hagnað ársins renna til sveitarfélagsins. ⁽¹³⁾

2.2.4 Ekkert fjármagn frá Norðurlandsfylki

Eftirlitsstofnun EFTA gat ekki, á grundvelli þeirra upplýsinga sem lágu fyrir þegar ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn var tekin, útilokað að líkamsræktarstöðin í Kippermoen-ípróttamiðstöðinni hefði fengið fjárframlag frá Norðurlandsfylki. ⁽¹⁴⁾ Stjórnvöld í Noregi voru því beðin um að leggja fram upplýsingar um þetta efni. Stjórnvöld í Noregi hafa gert ljóst að líkamsræktarstöðin í ípróttamiðstöðinni hafi ekki fengið fjármagn frá Norðurlandsfylki. ⁽¹⁵⁾

3. Ástæður þess að stofnað var til rannsókna

Eftirlitsstofnun EFTA hóf formlega rannsókn þar eð vafi lék á hvort fjármögnun líkamsræktarstöðvarinnar í Kippermoen-ípróttamiðstöðinni væri ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA hafði enn fremur efasemdir um hvort unnt væri að líta svo á að fjármögnun líkamsræktarstöðvarinnar, ef hún teldist vera ríkisaðstoð, samrýmdist EES-samningnum, annaðhvort á grundvelli 2. mgr. 59. gr. sem aðstoð við þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu eða, til vara, á grundvelli staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. sem aðstoð til að greiða fyrir menningar- eða héraðsbundinni starfsemi.

Stjórnvöld í Noregi höfðu tilkynnt fjármögnun líkamsræktarstöðvarinnar í janúar 2009. Ekki voru veittar upplýsingar sem gætu réttlætt bráðabirgðaniðurstöðu þess efnis að fjármögnun líkamsræktarstöðvarinnar væri, ef hún teldist ríkisaðstoð, yfirstandandi aðstoð í skilningi 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3. Með hliðsjón af þessum efasemdum hóf Eftirlitsstofnun EFTA hóf því formlega rannsókn sem mælt er fyrir um í 3. og 2. mgr. 1. gr.

4. Athugasemdir annarra

Eftirlitsstofnun EFTA bárust athugasemdir frá tveimur þriðju aðilum, EHFA og Treningsforbundet.

⁽¹⁰⁾ Sjá ákvarðanir bæjarráðs sveitarfélagsins Vefsn 10/05 og 152/05, 2. viðauka við skjal nr. 547864.

⁽¹¹⁾ Sjá bréf frá stjórnvöldum í Noregi dagsett 23. febrúar 2010 (skjal nr. 547864), bls. 10.

⁽¹²⁾ Sjá bréf frá stjórnvöldum í Noregi dagsett 9. september 2009 (skjal nr. 529846), bls. 2–4.

⁽¹³⁾ Sjá bréf frá stjórnvöldum í Noregi dagsett 23. febrúar 2010 (skjal nr. 547864), bls. 12.

⁽¹⁴⁾ Kafli II.1.1 í ákvörðun 537/09/COL.

⁽¹⁵⁾ Sjá bréf frá stjórnvöldum í Noregi dagsett 23. febrúar 2010 (skjal nr. 547864), bls. 19–20.

4.1 *Athugasemdir European Health & Fitness Association („EHFA“)*

EHFA er sjálfstæð samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og koma þau fram fyrir hönd heilsu- og líkamsræktargeirans í Evrópu. Samtökin halda því fram að jafnræðis eigi að gæta milli líkamsræktarstöðva, óháð því hvort þær eru í eigu einkaaðila eða opinberra, og að líkamsræktarstöðvar í eigu opinberra aðila ættu ekki að njóta hagræðis sem brjóti í bága við ákvæði 59. gr. EES-samningsins.

4.2 *Athugasemdir frá norsku líkamsræktarsamtökunum Treningsforbundet*

Treningsforbundet er norsk samtök líkamsræktarstöðva sem reknar eru í viðskiptaskyni. Treningsforbundet heldur því fram að ríkisfjármunir sem einstakar líkamsræktarstöðvar á norskum markaði njóti ávinnings af séu að jafnaði ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins þar eð slík fjármögnun raski samkeppni og hafi áhrif á viðskipti milli EES-ríkja. Máli sínu til stuðnings lét Treningsforbundet Eftirlitsstofnun EFTA í té almennar upplýsingar um norska líkamsræktarstöðvamarkaðinn. ⁽¹⁶⁾

Treningsforbundet heldur því enn fremur fram að ríkisaðstoð við líkamsræktarstöðvar í eigu opinberra aðila geti ekki talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins á grundvelli 2. mgr. 59. gr. sem endurgjald fyrir almannaþjónustu, eða staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. sem aðstoð til að greiða fyrir menningar- eða héraðsbundinni starfsemi þegar líkamsræktarstöðvum í einkaeigu stendur ekki til boða að fá sömu aðstoð með sömu kjörum.

5. *Athugasemdir stjórnvalda í Noregi*

Stjórnvöld í Noregi telja að fjármögnun líkamsræktarstöðvarinnar í íþróttamiðstöðinni sé ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins af eftirtöldum ástæðum: i) líkamsræktarstöðin nýtur ekki sértæks ávinnings af ríkisfjármunum, ii) hún er ekki fyrirtæki, og iii) fjármögnun líkamsræktarstöðvarinnar hefur ekki áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

Stjórnvöld í Noregi halda því að auki fram að allir fjármunir úr sveitarsjóði sem ráðstafað er til líkamsræktarstöðvarinnar fullnægi skilyrðum í reglugerð um minniháttaraðstoð ⁽¹⁷⁾ og séu því ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að fjármögnunin feli í sér ríkisaðstoð telja stjórnvöld í Noregi að slík aðstoð sé yfirstandandi aðstoð þar eð Kippermoen-íþróttamiðstöðin hafi verið fjármögnuð af fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og með notendagjöldum frá því áður en EES-samningurinn gekk í gildi og að sú fjármögnunaraðferð hafi haldist óbreytt allar götur síðan.

Burtséð frá því sem að ofan greinir telja stjórnvöld í Noregi að hugsanleg aðstoð samrýmist EES-samningnum á grundvelli annaðhvort 2. mgr. 59. gr. sem aðstoð við þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu eða, til vara, á grundvelli staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. sem aðstoð til að greiða fyrir menningarstarfsemi. Loks halda stjórnvöld í Noregi því fram að fjármögnun á stækkun líkamsræktarstöðvarinnar á árunum 2006 til 2007 sé eins konar byggðaaðstoð sem samrýmist EES-samningnum á grundvelli staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. og með vísan til Leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um landsbundna byggðaaðstoð árin 2007 til 2013. ⁽¹⁸⁾

⁽¹⁶⁾ Sjá bréf frá stjórnvöldum í Noregi dagsett 9. nóvember 2010 (skjal nr. 576711).

⁽¹⁷⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1998/2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans varðandi minniháttaraðstoð, sem felld er inn í EES-samninginn í málsgrein 1e a í 15. viðauka við samninginn

⁽¹⁸⁾ Leiðbeinandi reglurnar má nálgast á eftirfarandi vefslóð: <http://www.eftasurv.int/?1=1&showLinkID=15125&1=1>.

II. MAT

1. Fjármögnun frá sveitarfélaginu Vefsn

Stjórnvöld í Noregi tilkynntu fjármögnun líkamsræktarstöðvarinnar til Eftirlitsstofnunar EFTA í janúar 2009. Stjórnvöld í Noregi lögðu í tilkynningunni ekki fram nein rök til stuðnings því að fjármögnun líkamsræktarstöðvarinnar væri yfirstandandi aðstoð, þrátt fyrir að tilkynningunni hafi fylgt afrit af stefnu frá málarekstri fyrir norskum dómstólum þar sem sóknaraðili hélt því fram, í ítarlegu máli, að fjármögnun líkamsræktarstöðvarinnar fæli í sér nýja aðstoð. ⁽¹⁹⁾

Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn vísaði Eftirlitsstofnun EFTA til þess að aðferðin við fjármögnun líkamsræktarstöðvarinnar (þ.e. að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og ráðstöfun tekna af miðasölu stæðu undir halla af rekstri Kippermoen-íþróttamiðstöðvarinnar) hefði verið til staðar áður en EES-samningurinn gekk í gildi og gæti á þeim grundvelli virst vera yfirstandandi aðstoð í skilningi i. liðar í staflíð b) í 1. gr. II. hluta bókar 3. ⁽²⁰⁾ Breytingar á yfirstandandi aðstoð fælu aftur á móti í sér nýja aðstoð í samræmi við staflíð c) í 1. gr. sömu bókar.

Eftirlitsstofnun EFTA benti á það í ákvörðun sinni að hún hefði ekki fengið nægilega sértækar upplýsingar um tvær stækkar líkamsræktarstöðvarinnar og breytingar á ráðstöfun tekna af miðasölu og hún benti á að þessir þættir kynnu að hafa breytt fyrirliggjandi kerfi í nýja aðstoð í skilningi staflíðar c) í 1. gr. sömu bókar. ⁽²¹⁾

Í samræmi við þær meginreglur sem festar hafa verið í sessi í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins, ⁽²²⁾ fjallaði Eftirlitsstofnun EFTA um ráðstafanirnar innan ramma reglna um nýja aðstoð.

Mat, sem kemur fram í ákvörðun um að hefja formlega rannsókn, um hvort hugsanleg aðstoðarráðstöfun feli í sér nýja eða yfirstandandi aðstoð er óhjákvæmilega aðeins til bráðabirgða. Jafnvel þótt Eftirlitsstofnun EFTA hafi, á grundvelli upplýsinga sem voru veittar á þeim tíma, ákveðið að hefja formlega rannsókn á grundvelli 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3, getur hún eigi að síður komist að þeirri niðurstöðu í ákvörðun um að ljúka málsmeðferðinni að ráðstöfunin feli í raun í sér yfirstandandi aðstoð, ef um aðstoð er að ræða. ⁽²³⁾ Ef um yfirstandandi aðstoð er að ræða verður Eftirlitsstofnun EFTA að fylgja málsmeðferð um yfirstandandi aðstoð. ⁽²⁴⁾ Þar af leiðandi yrði Eftirlitsstofnun EFTA, í tilviki sem þessu, að ljúka formlegri rannsókn og hefja nýja rannsókn á yfirstandandi aðstoð sem mælt er fyrir um í 17.–19. gr. II. hluta bókar 3. ⁽²⁵⁾ Samkvæmt þessari málsmeðferð, og aðeins samkvæmt henni, myndi Eftirlitsstofnun EFTA meta hvort ráðstöfun fæli í sér aðstoð og ef svo, hvort hún samrýmdist framkvæmd EES-samningsins.

Stjórnvöld í Noregi, hafa, eins og fram kemur hér að framan í kafla I.2 í þessari ákvörðun, lagt fram viðbótarupplýsingar um fjármögnun og stækkun líkamsræktarstöðvarinnar í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni.

Þar eð líkamsræktarstöðin hefur ekki verið fjármögnuð sem aðskilinn rekstur er ekki unnt að leggja mat á fjármögnun hennar óháð fjármögnun á Kippermoen-íþróttamiðstöðinni sem slíkri. Kippermoen-íþróttamiðstöðin hefur, frá því að hún var sett á fót á áttunda áratugnum, verið fjármögnuð með notendagjöldum og af fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Enda þótt sveitarfélagið hafi ekki innleitt notendagjöld fyrir aðgang að líkamsræktarstöðinni fyrir en 1996, hafði slíkt gjald verið innheimt fyrir aðgang að hluta íþróttamiðstöðvarinnar, einkum sundlauginni. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á það, á grundvelli þessa, að fjármögnunarkerfi Kippermoen-íþróttamiðstöðvarinnar hafi sem slíkt ekki breyst.

⁽¹⁹⁾ Sjá bréf frá stjórnvöldum í Noregi dagsett 27. janúar 2009 (skjal nr. 506341), bls. 40.

⁽²⁰⁾ Samkvæmt ákvæðum i. liðar í staflíð b) í 1. gr. II. hluta bókar 3 er yfirstandandi aðstoð: „*öll aðstoð sem var hafin fyrir gildistöku EES-samningsins í viðkomandi EFTA-rikkjum, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð sem hafin var áður en EES-samningurinn öðlaðist gildi og er enn veitt.*“

⁽²¹⁾ Kafli II.1.3 í ákvörðun 537/09/COL.

⁽²²⁾ Mál C-400/99 *Italia gegn framkvæmdastjórn* [2005] ECR I-3657.

⁽²³⁾ Sjá sama mál, málsgreinar 47 og 54–55.

⁽²⁴⁾ Mál T-190/00 *Regione Siciliana gegn framkvæmdastjórn* [2003] ECR II-5015, 48. mgr.

⁽²⁵⁾ Mál C-312/90 *Spánn gegn framkvæmdastjórn* [1992] ECR I-4117, 14.–17. mgr. og mál C-47/91 *Italia gegn framkvæmdastjórn* [1992] ECR I-4145, 22.–25. mgr.

Stækkun líkamsræktarstöðvarinnar á árunum 1997 til 1999 var umfangsminni en fram kom í fyrstu upplýsingum sem Eftirlitsstofnun EFTA bárust. Stjórnvöld í Noregi hafa gert grein fyrir því við formlegu rannsóknina að sveitarfélagið hafi tekið lán að fjárhæð 5,8 milljónir norskra króna (en ekki 10 milljónir) og að það hafi ekki verið notað við endurnýjun líkamsræktarstöðvarinnar. Þvert á móti hafi verið ráðist í hóflega stækkun og endurnýjun á innanstokksmunum líkamsræktarstöðvarinnar á þessum tíma fyrir um það bil 870 000 norskar krónur samtals og hafi tekjur af notendagjöldum verið notaðar til að fjármagna framkvæmdirnar.

Þótt stækkunin á árunum 2006 til 2007 hafi verið umfangsmeiri tryggði hún aðeins að þjónustan sem í boði var jafnaðist á við þjónustu í sambærilegum líkamsræktarstöðvum. Þar af leiðandi er starfsemi líkamsræktarstöðvarinnar, bæði fyrir og eftir stækkun, hin sama og áður, hún hefur aðeins verið löguð að þróun í greininni og að óskum notenda. Þar eð líkamsræktarstöðin er í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni hefur sveitarfélagið verið virkt á markaði fyrir líkamsræktarstöðvar bæði fyrir og eftir gildistöku EES-samningsins. Það hefur stöku sinnum stækkað aðstöðuna til þess eins að geta veitt íbúum þjónustu í samræmi við það sem hægt er að ætlast til af líkamsræktarstöð. Fjármögnunaraðferðin (notendagjöld og fjárveiting af fjárhagsáætlun sveitarfélagsins) og markmiðið sem að er stefnt (að veita íbúum aðstöðu til líkamsræktar) hafa ekki breyst. ⁽²⁶⁾ Þar að auki hefur þessi stækkun ekki gert sveitarfélaginu kleift að fara inn á nýja markaði. Í því tilliti er mál það sem hér um ræðir frábrugðið ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í sambandi við rafræna námskrá BBC (BBC Digital Curriculum). ⁽²⁷⁾ Það mál varðaði breytingar sem höfðu verið gerðar á gildandi aðstoðarkerfi sem breska ríkisútvarpið, BBC, naut ávinnings af. Í því máli komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að breytingar sem höfðu verið gerðar á gildandi aðstoðarkerfi fælu í sér nýja aðstoð þar sem þær gerðu útvarpsrekandanum kleift að stunda starfsemi sem hafði ekki „náin tengsl“ við gildandi kerfi og gerði BBC kleift að fara inn á þróaða markaði þar sem viðskiptaaðilar höfðu lítil sem engin kynni af BBC sem keppinaut. ⁽²⁸⁾

Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu, með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið, að fjármögnun líkamsræktarstöðvarinnar í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni með fjármunum frá sveitarfélaginu Vefsn, að því marki sem hún feli í sér ríkisaðstoð, sé yfirstandandi aðstoðarkerfi. Mælt er fyrir um sérstaka málsmeðferð að því er varðar yfirstandandi aðstoð í 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3. Samkvæmt því ákvæði ber Eftirlitsstofnun EFTA, í samstarfi við EFTA-ríkin, að hafa stöðugt til skoðunar öll aðstoðarkerfi sem eru við lýði í þeim ríkjum. Henni ber að leggja til við EFTA-ríkin viðeigandi ráðstafanir sem krafist er í samræmi við þróun og framkvæmd EES-samningsins.

2. Fjármögnun frá Norðurlandsfylki

Eins og fram kemur hér að ofan hafa stjórnvöld í Noregi gert ljóst að líkamsræktarstöðin í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni hafi ekki fengið fjármagn frá Norðurlandsfylki. Þar af leiðandi hafi ekki verið um yfirfærslu ríkisfjármuna frá Norðurlandsfylki að ræða, en það er hið fyrsta af fjórum ófrávíkjanlegum viðmiðum sem verður að fullnægja til að aðstoðarráðstöfun teljist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli nýfenginna upplýsinga frá stjórnvöldum í Noregi, að líkamsræktarstöðin í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni hafi í þessu samhengi ekki notið ríkisaðstoðar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins í formi ávinnings af ríkisfjármunum (Norðurlandsfylkis).

3. Niðurstaða

Í þessum nýju upplýsingum sem stjórnvöld í Noregi afhentu kemur fram að Norðurlandsfylki hafi ekki veitt líkamsræktarstöðinni í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni efnahagslegan ávinning á þeim tíma sem yfirstandandi formleg rannsókn tekur til. Á grundvelli þessa kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að líkamsræktarstöðin í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni hafi ekki notið ríkisaðstoðar frá Norðurlandsfylki á því tímabili sem um ræðir.

⁽²⁶⁾ Sjá álit AG Trabucchi í máli 51/74 *Hulst* [1975] ECR 79.

⁽²⁷⁾ Mál N 37/2003 (UK), á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/eu_law/state_aids/comp-2003/n037-03.pdf.

⁽²⁸⁾ Sama mál, 36. mgr.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur enn fremur komist að þeirri niðurstöðu, að því leyti sem fjármunir frá sveitarfélaginu Vefsn hafi farið í að fjármagna líkamsræktarstöðina í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni og þessir fjármunir feli í sér ríkisaðstoð, hafi slík aðstoð verið veitt samkvæmt gildandi aðstoðarkerfi. Með hliðsjón af ofangreindu mati hefur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að ljúka formlegri rannsókn og mun taka til skoðunar yfirstandandi aðstoð sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 1. gr. I hluta bókunar 3.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Formleg rannsókn á fjármögnun líkamsræktarstöðvarinnar í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni með fjármunum frá Norðurlandsfylki á tímabilinu sem er til skoðunar er tilefnislaus og henni hefur því verið hætt.

2. gr.

Formleg rannsókn á fjármögnun líkamsræktarstöðvarinnar í Kippermoen-íþróttamiðstöðinni með fjármunum frá sveitarfélaginu Vefsn hefur verið hætt.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

4. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Ákvörðun tekin í Brussel 1. júní 2011

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Sabine Monauni-Tömördy

Stjórnarmaður

Auglýst eftir athugasemdum, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem varðar ríkisaðstoð við þrjá íslenska fjárfestingarbanka með skuldbreytingu lána á hagstæðum kjörum 2012/EES/4/02

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 363/11/COL frá 23. nóvember 2011, sem er birt á upprunalegu, fullgiltu tungumáli á eftir þessu ágripi, markar upphaf málsmeðferðar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Stjórnvöldum á Íslandi hefur verið tilkynnt þetta með afriti af ákvörðuninni.

Eftirlitsstofnun EFTA veitir, með þessari auglýsingu, EFTA-rikkjunum, aðildarríkjum Evrópusambandsins og áhugaaðilum eins mánaðar frest frá birtingardegi þessarar auglýsingar til að gera athugasemdir við ráðstöfunina sem um ræðir. Athugasemdirnar skal senda á eftirfarandi pósthöfn:

EFTA Surveillance Authority
Registry
35, Rue Belliard
B-1040 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Íslandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ágrip

Málsmeðferð

Eftirlitsstofnun EFTA barst í júní 2010 kvörtun frá hagsmunaaðila vegna meintrar ólöglegrar ríkisaðstoðar ríkissjóðs Íslands við fjárfestingarbankana Saga Capital og VBS. Eftirlitsstofnun EFTA óskaði eftir og fékk upplýsingar frá stjórnvöldum á Íslandi um ráðstafanirnar sem um ræðir í bréfum frá 30. september 2010 og 3. ágúst 2011.

Málsatvik

Fjármálaráðuneytið gerði 16. mars 2009 tvo samninga um skuldbreytingu lána við Saga Capital fjárfestingarbanka hf., samtals að fjárhæð um 19,7 milljarðar króna. Í fyrsta lagi var um að ræða lánsamning að fjárhæð 3,2 milljarðar króna vegna endurgreiðslu á kröfum sem áður voru í eigu Seðlabanka Íslands og tengdust skammtíma veðlánum frá Seðlabankanum. Í öðru lagi var um að ræða lánsamning að fjárhæð 16,5 milljarðar króna til að gera upp skammtíma verðbréfalánsheimild sem Seðlabankinn, fyrir hönd ríkissjóðs, býður aðalmiðlurum ríkisverðbréfa.

Fyrri skuldir við Seðlabankann voru m.a. tryggðar með veði í skuldabréfum útgefnum af viðskiptabönkunum þremur, Glitni, Kaupþingi og Landsbanka Íslands. Eftir fall þessara banka í október 2008 lá ekki ljóst fyrir hvert virði undirliggjandi trygginga væri og fjárfestingarbankarnir gátu hvorki lagt fram nýjar tryggingar né gert upp skuldir sínar.

Fjármálaráðuneytið gerði 23. mars 2009 sambærilegan lánsamning við VBS fjárfestingarbanka hf., að fjárhæð 26,4 milljarðar króna, vegna skammtíma veðlána Seðlabankans til VBS. Ráðuneytið gerði einnig lánsamning með sambærilegum kjörum við Aska Capital fjárfestingarbanka hf. að fjárhæð um 6,3 milljarðar króna.

Lánin skulu greiddast upp á næstu sjö árum með verðbótum og 2% ársvöxtum. Að því er varðar skuldbreytinguna hafa lántakendur fallist á skilyrði í 12 liðum sem ætlað er að auka líkur á að lánveitandi endurheimti féð.

Markmiðið með ráðstöfununum var tvenns konar, í fyrsta lagi að reyna að tryggja gríðarlega hagsmuni ríkisins með því að hámarka endurheimtu ríkissjóðs á kröfunum og, í öðru lagi, að gefa fjármálafyrirtækjunum tækifæri til að vinna úr stöðunni og komast yfir erfiðleikana.

Mat

Svo virðist sem lánin frá ríkinu veiti skuldurunum viðskiptalegan ávinning þar sem vextirnir eru miklu lægri en markaðsvextir. Eftirlitsstofnun EFTA hefur efasemdir um að skilmálar lánanna sem ríkissjóður samþykkti séu í samræmi við það sem hugsanlegur, almennur lánveitandi hefði gert til að hámarka endurgreiðslu krafna sinna. Ráðstafanirnar eru sértækar í eðli sínu og til þess fallnar að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkja. Bráðabirgðaniðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er því sú að ráðstafanirnar feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að ráðstafanirnar samrýmist staflíð b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA hefur efasemdir um að líta megi svo á að lánaskilmálarnir samrýmist viðeigandi undanþáguákvæðum í EES-samningnum.

Niðurstaða

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, hefur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að hefja formlega rannsókn í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókungar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Áhugaaðilum er gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir og skulu þær berast áður en mánuður er liðinn frá því að ákvörðun þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY DECISION**No. 363/11/COL****of 23 November 2011****to initiate the formal investigation procedure provided for in Article 1(2) in Part I of Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement with regard to state aid granted to****three Icelandic investment banks through rescheduled loans on preferential terms****(Iceland)**

The EFTA Surveillance Authority (“the Authority”),

HAVING REGARD to the Agreement on the European Economic Area (“the EEA Agreement”), in particular to Articles 61 and Protocol 26,

HAVING REGARD to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice (“the Surveillance and Court Agreement”), in particular to Article 24,

HAVING REGARD to Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement (“Protocol 3”), in particular to Article 1(3) of Part I and Articles 4(4) and 6 of Part II.

Whereas:

I. FACTS**1. Procedure**

- 1) By letter dated 22 June 2010, the EFTA Surveillance Authority (“the Authority”) received a complaint from the Icelandic securities firm H.F. Verðbréf hf. alleging that the Icelandic Treasury had in March 2009 granted unlawful state aid to the investment banks Saga Capital and VBS through conversion of short-term debt with the Central Bank of Iceland (“the CBI”) to long-term loans on favourable terms. The letter was received and registered by the Authority on 7 July 2010 (Event No 563424).
- 2) By letter dated 23 August 2010 (Event No 566722), the Authority requested additional information from the Icelandic authorities.
- 3) By letter dated 30 September 2010 (Event No 571668), the Icelandic authorities replied to the information request.
- 4) By letter dated 1 March 2011 (Event No 588538), the Authority again requested additional information from the Icelandic authorities.
- 5) The case was also discussed in a meeting on state aid between representatives of the Authority and of the Icelandic authorities in Reykjavík on 6 June 2011.
- 6) By letter dated 3 August 2011 (Event No 605881), the Icelandic authorities replied to the information request.

2. Description of the measures**2.1. Background**

- 7) The measures to be assessed in this decision are linked to the CBI’s collateral and securities lending. As part of its role as a central bank and lender of last resort and in line with the monetary policy of other central banks, the CBI provides short-term credit facilities to financial undertakings in the form of collateral loans⁽¹⁾, in accordance with the provisions of CBI rules

⁽¹⁾ Collateral loans are also named repo loans, where repos or repurchase agreements are contracts in which the seller of securities, such as Treasury bills, agrees to buy them back at a specified time and price.

pertaining thereto. Financial institutions have the option of requesting overnight loans or seven-day loans against collateral that the CBI deems eligible. Among the debt instruments meeting the requirements of the rules are Treasury instruments and financial undertakings' debt instruments fulfilling minimum criteria, including credit rating criteria.

- 8) In 2007 and 2008 collateral lending increased steadily, and the CBI became the financial undertakings' main source of liquidity. At year-end 2007, the balance of collateral loans stood at 302 billion ISK, its highest point until that time. Collateral loans peaked on 1 October 2008, just before the collapse of the banks, when the CBI loaned 520 billion ISK to financial institutions. Thus, at the time of the collapse of the three commercial banks in October 2008, the CBI had acquired considerable claims against domestic financial undertakings, which were backed by collateral of various types. At that time nearly 42% of the collateral for CBI loan facilities took the form of Treasury guaranteed securities or asset-backed securities while some 58% of the underlying collateral consisted of bonds issued by Glitnir, Kaupthing, and Landsbanki⁽²⁾.
- 9) As a result of the banks' failure, the value of the collateral diminished and it became clear that the CBI had sustained losses due to unsound collateral. Following an authorisation by the Parliament, the Treasury and the Central Bank concluded an agreement in January 2009, with effect as from year-end 2008, according to which the CBI assigned a part of its claims of collateral loans against financial undertakings, along with underlying securities, to the Ministry. The takeover was based on the balance of the claims on 31 December 2008. The objective of the agreement was to ensure that the CBI would have an acceptable equity position. The Treasury, as the owner of the CBI, purchased securities with a book value of 345 billion ISK and paid for them with a government bond in the amount of 270 billion ISK, but 75 billion ISK were written off in the CBI's annual accounts for 2008. Towards the end of 2009, it was decided to set up the Central Bank of Iceland Holding Company (Eignasafn Seðlabanka Íslands, ESÍ), and in February 2010 the Ministry of Finance and the CBI agreed that the claims previously transferred by the CBI to the Ministry should be transferred back to the CBI/ESÍ at a reduced price as of 31 December 2009.
- 10) As for securities lending, the Government Debt Management (GDM), which is administered by the CBI, offers lending facilities to primary dealers of government securities. The purpose is to improve market functionality and to maintain liquidity in the market for bond series that the GDM is building up. The securities accepted by the GDM as collateral for the Treasury Bonds and Bills are all government bonds and mortgage benchmark bonds traded electronically in the secondary market. Other electronically traded securities may also be accepted depending on criteria specified in the facility. The interest rate for these loans is based on the CBI repo rate. The maximum contract period is 28 days.⁽³⁾

2.2. *Conversion of short-term credit facilities to long-term loans*

- 11) On 16 March 2009 the Ministry of Finance concluded two loan conversion agreements with Saga Capital Investment Bank hf. amounting in total to approximately 19.7 billion ISK; firstly, a loan agreement in the amount of 3.2 billion ISK for repayment of claims previously held by the CBI, deriving from the CBI's short-term collateral loans; and secondly, a loan agreement in the amount of 16.5 billion ISK, to settle short-term claims of the securities lending facility which the CBI offers on behalf of the Treasury to primary dealers of government securities.
- 12) On 23 March 2009 the Ministry made a similar loan agreement with VBS Investment Bank hf., amounting to 26.4 billion ISK. The debt stemmed from the CBI's short-term collateral lending to VBS.
- 13) The Ministry also concluded a loan agreement on similar terms with Askar Capital Investment Bank hf, in the amount of approximately 6.3 billion ISK.

⁽²⁾ For an overview of developments in collateral loans, see the CBI's Annual Report 2008, p. 9-11, available at <http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7076>

⁽³⁾ For further details see Rules on Central Bank of Iceland securities lending facilities on behalf of the Treasury for primary dealers dated 28 November 2008, available at <http://www.lanamal.is/assets/nyrlanasysla/regluren08.pdf>

- 14) The previous debt with the CBI was secured inter alia by bonds issued by the three commercial banks, Glitnir, Kaupthing and Landsbanki Íslands. Following the collapse of those banks in October 2008, the value of the underlying security became uncertain and diminished severely. From that time new collateral loans backed by securities of the failed banks were not granted and the outstanding balance of CBI's collateral loans declined.
- 15) The loan amounts were based on settlement of the respective liabilities in December 2008. The repayment terms of the loans to Saga and VBS are identical. They are repayable over the next seven years with indexation and an interest rate of 2% per annum. During the first two years, only interest is paid and subsequently the loan is paid with even instalments over five years, on 27 December each year, starting on 27 December 2011 (first instalment) till 27 December 2015 (last instalment). It is understood that the repayment terms of the loan to Askar Capital were similar, except that the annual interest rate is 3%.
- 16) The above measures were based on the proposals of a Working Group which on 20 January 2009 submitted a memorandum to the Minister of Finance for the restructuring of debt owed by financial undertakings due to collateral loan facilities with the CBI. The memorandum was based on information regarding the financial undertakings and their ability to repay the debt.
- 17) The Authority has requested that the Icelandic authorities provide a full justification for the terms of the loans. In their response the Icelandic authorities stressed that the agreements in question are agreements on conversion and payment of debt that had fallen due. The rationale for the terms of the loans was partly described by the Working Group's memorandum referred to above.
- 18) The memorandum explains that upon the collapse of Iceland's main commercial banks, enormous uncertainty had emerged regarding the value of the collateral and the CBI's possibility to dispose of the collateral in order to settle the debt; the financial undertakings concerned were unable to pay the debt in full. According to the Icelandic authorities it should be borne in mind that at the time when decision was made on how to deal with the immediate problems of the said undertakings, in early 2009, "the entire apparatus of the Icelandic authorities was preoccupied in an effort to keep the country's financial system operating and to protect the interests of deposit holders. That task had to take priority over tasks relating to the financial reorganizations of non-deposit-holding undertakings."
- 19) The reply of the Icelandic authorities further states that "[w]hen deciding on the terms the Working Group emphasized preserving the value of the claims, by indexing the claims [according] to the national Consumer Price Index. In addition, taking into account e.g. that the undertakings' short-term ability to pay interest had diminished considerably following the damage already suffered on their asset portfolios, it was evident that the assets and interim financial condition of the undertakings would only be capable of supporting a minimum level of interest on the loan. Also bearing in mind that bonds received by the undertakings from the commercial banks no longer provided revenues in the form of interest payments, the interest paid was now an expense incurred without any direct income to finance such an expense. However, it was considered inevitable that despite this, the undertakings would have to pay interest. The interest would among other factors serve as an incentive to encourage them to expedite their work on their financial restructuring. As stated in the premise for the decision by the Working Group, the decision on the terms and conditions of the interest did not center on what fair and normal return on equity should be, since it was clear in advance that the undertakings in question were unlikely to repay in full the liabilities in question. Instead, the Working Group focused on finding an interest percentage sufficiently high to matter to the undertaking in question but not so high as to preclude the possibility for repayment, thus removing the incentive for these undertakings to restructure their finances."
